



# Áherslur á Lyngbjalla í mars

Minnum foreldra á að kynna sér viðburðadagatal marsmánaðar á heimasíðu leikskólans.

Fréttir frá Lyngbjalla á heimasíðu leikskólans

## Læsi og samskipti

Við höldum áfram með vinnu sem tengist orðaforðaþemanu okkar „*Umhverfið mitt - Bærinn minn, landið/löndin mín, störf.* Við skoðum t.d. bækur og spil eða förum í leiki þar sem orðaforði þemans kemur fyrir.

*Lubbi finnur málbein*



Hann Lubbi vinur okkar verður einnig með okkur og við höldum áfram að vinna með málhljóðin sem við höfum unnið með í vetur, en það eru fyrstu 10 málhljóðin; Aa, Mm, Bb, Nn, Dd, Íí/Ýý, Úú, Vv, Jj, og Hh. Auk þess höfum við aðeins kynnt til sögunar önnur málhljóð og tengjum þau nöfnum barnanna á deildinni.

## Heilbrigði og vellíðan

Við förum í íþróttir til Badda. Við njótum daglegrar útiveru sem er á sínum stað eftir hádegið, auk vettvangsferða sem eru hluti af hópastarfi deildarinnar að morgni.

## Sjálfbærni og vísindi

Við vinnum með tölur, flokkun og fjölda og leikum með numicon kubba. Við vinnum einnig með veðurfar, veltum vöngum og gerum tilraunir.



## Sköpun og menning

Við höldum áfram að vinna með leir, vatnsliti, málningu, teikningu, skæri , hljóðfæri, og margt fleira, bæði í listasmiðju og inni á deild.

*Afmælisbörn í mars*

- 16. Arnbjörn Diðrik

*Viðburðir í mars*

- 3. Bolludagur
- 4. Sprengidagur
- 5 Öskudagur
- 14. Skipulagsdagur
- 

***Minnum á mikilvægi þess að foreldrar lesi fyrir börnin sín.***

VIRÐING – UMHYGGJA – SAMVINNA – GLEÐI